

**Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og**

Starfsgreinasambands Íslands f.h. aðildarfélaga

gera með sér svofellt

S A M K O M U L A G

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

1. grein

Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. grein

Laun

Frá 1. maí 2008 tekur gildi samræmd lífaldurstengd launatafla sbr. fylgiskjal 1.

3. grein

Tímakaup í dagvinnu

Gr. 1.3.1 verður svohljóðandi frá og með 1. maí 2008:

Tímakaup í dagvinnu er 0,615% af mánaðarkaupi í hverjum launaflokki og þrepi.

4. grein

Laun ungmenna

Gr. 1.3.3 verður svohljóðandi frá og með 1. maí 2008:

Laun ungmenna skulu vera sem hér segir:

16 ára	80% af lfl. 01 1. þrepi
17 ára	85% af lfl. 01 1. þrepi

Tímakaup í dagvinnu er 0,615% af sama launaflokki og þrepi og í sömu hlutföllum eftir aldri.

Ungmenni skulu taka laun skv. þeim aldursflokki sem þeir tilheyra í lok almanaksársins.

5. grein

Ræsting

Tímamæld ákvæðisvinna við ræstingu launast sem hér segir frá 1. maí 2008:

Kl. 08-20 kr. 900,52
Aðra tíma kr. 1.086,37

Gr. 1.6.1.3 verður svohljóðandi:

Ræsting á tímabilinu 00:00-08:00 greiðist með yfirvinnutaxta skv. öðrum launaflokki.

Gr. 1.6.1.5 verður svohljóðandi:

Taki ræstingamaður aukastykki innan sama ræstingasvæðis í beinu framhaldi af venjubundinni vinnu sinni, skal greiða fyrir þá vinnu með yfirvinnutaxta skv. öðrum launaflokki.

Flatarmæld ákvæðisvinna við ræstingu launast sem hér segir frá 1. maí 2008:

Gólfæsting: kr. 219,81
Fiml.hús og áh. herb.: kr. 190,56
Salerni: kr. 247,80

Gr. 2.7.3. verður svohljóðandi:

Vinna við hreingerningu/aðalhreingerningu greiðist með yfirvinnutaxta skv. öðrum launaflokki, ef hún er ekki hluti af almennri vinnuskyldu starfsmanns. Þó aldrei lægri en sem samsvarar hærri taxtanum í tímamældri ákvæðisvinnu fyrir ræstingu.

6. grein

Persónuuppbót (desemberuppbót) samkvæmt gr. 1.7.1 verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

7. grein

Orlofsuppbót samkvæmt gr. 4.2.2 verður sem hér segir:

Á árinu 2008 kr. 24.300.

8. grein

Grein 12.2.5 um mat á ávinnslurétti veikindaréttar verður sem hér segir:

Við mat á ávinnslurétti starfsmanns skv. gr. 12.2.1 skal auk þjónustualdurs hjá viðkomandi launagreiðanda einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé.

Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri þjónustualdur samkvæmt þessari grein ekki metinn nema að viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.

9. grein

Grein 12.8.1 um veikindi barna yngri en 13 ára verður sem hér segir:

Annað foreldri/forráðamaður á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

10. grein

Frá 1. janúar 2009 verður grein 12.9.1 um styrktar- og sjúkrasjóð svohljóðandi:

Vinnuveitandi greiði mánaðarlega framlag í styrktar- og sjúkrasjóð viðkomandi aðildarfélags SGS sem nemi 0,75% af heildarlaunum starfsmanns.

11. grein

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2008 til 31. mars 2009 en fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann, 20. júní 2008 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 26. maí 2008

F.h. samninganefndar ríkisins
með fyrirvara um samþykki
fjármálaráðherra

F.h. Starfsgreinasambands Íslands
vegna aðildarfélaga
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Gunnar Björnsson (sign.)
Ásta Lára Leósdóttir (sign.)
Ásgeir M. Kristinsson (sign.)
Sverrir Jónsson (sign.)
Oddur Gunnarsson (sign.)

Signý Jóhannesdóttir (sign.)
Sigurrós Kristinsdóttir (sign.)
Linda Baldursdóttir (sign.)
Björn Snæbjörnsson (sign.)
Kristján Gunnarsson (sign.)
Harpa Ólafsdóttir (sign.)

Bókanir með kjarasamningi

Bókun 1

Upplýsingagjöf til stéttarfélaganna um laun félagsmanna hefur verið með misjöfnum hætti undanfarið ár og farið í gegnum ólíka miðla. Aðilar eru sammála um að kerfisbinda þessa upplýsingagjöf sem samningsaðilar útfæra nánar og skal þeirri vinnu lokið fyrir árslok 2008.

Bókun 2

Vegna ósamræmis á milli hópa í ræstingu er samkomulag um að þeir ræstitæknar sem vinna í tímamældri ákvæðisvinnu fái sérstaka jöfnunargreiðslu sem verði með eftirfarandi hætti:

Þeir ræstitæknar sem eru í vinnu í september og október og hafa skilað a.m.k. 260 tímum á tímabilinu 1. maí 2008 til 31. október (miðað við að þeir séu á launum í orlofi, en 200 tímar ella) fái uppbót sem nemi 17.000 krónum sem greidd verði út þann 1. desember 2008.

Viðmiðunartímabil fyrir skóla þar sem launatímabil er einungis níu og hálfur mánuður skal vera september og október og tímafjöldinn 130.

Greiðsla þessi verður einungis greidd einu sinni.

Bókun 3

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Markmið með sjóðnum er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir.

Aðilar eru sammála um að huga að endurskoðun núverandi tilhögunar vegna endurhæfingar með það að markmiði að veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist. Eitt af því sem þar kemur til skoðunar er með hvaða hætti hægt er að samþætta hinum opinbera vinnumarkaði þá starfsemi sem samningsaðilar á almennum vinnumarkaði stóðu að með stofnun Endurhæfingarsjóðs.

Verði það gert á þann hátt að á samningstímabilinu verði unnið að því að í samvinnu við önnur bandalög ríkisstarfsmanna að koma á samstarfi eða samþættingu við aðra sem eiga sambærilegra hagsmuna að gæta.

Greiða skal sérstakt gjald er nemur 0,13% (endurhæfingargjald) af heildarlaunum þeirra starfsmanna sem falla undir samkomulag þetta frá og með 1. júlí 2008. Framlag þetta skal greitt inn á sérstakan safnlið í vörslu fjármálaráðuneytisins. Leiði endurskoðunin til þess að samkomulag náist um samþættingu eða samstarf þá skal greiða framlagið frá næstu mánaðamótum eftir að aðilar taka sameiginlega ákvörðun um slíkt.

Bókun 4

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum, SGS og SA bókuðu í kjarasamningi sínum að þeir ætluðu að kynna sér framkvæmd ræstingarvinnu í nágrannalöndunum og eru aðilar þessa samnings ásáttir um að fylgjast með þeirri vinnu.

Fylgiskjal 1 með kjarasamningi

Launatafla með gildistíma frá 1. maí 2008

	Þrep					
	<23ja ára	23 ára	25 ára	27 ára	30 ára	35 ára
Lfl	1	2	3	4	5	6
001	137.656	139.416	141.203	143.017	144.858	146.726
002	141.203	143.017	144.858	146.726	148.622	150.547
003	144.858	146.726	148.622	150.547	152.501	154.484
004	148.622	150.547	152.501	154.484	156.497	158.540
005	152.501	154.484	156.497	158.540	160.614	162.719
006	156.497	158.540	160.614	162.719	164.855	167.023
007	160.614	162.719	164.855	167.023	169.224	171.458
008	164.855	167.023	169.224	171.458	173.725	176.026
009	169.224	171.458	173.725	176.026	178.362	180.733
010	173.725	176.026	178.362	180.733	183.139	185.582
011	178.362	180.733	183.139	185.582	188.061	190.577
012	183.139	185.582	188.061	190.577	193.131	195.723
013	188.061	190.577	193.131	195.723	198.354	201.025
014	193.131	195.723	198.354	201.025	203.736	206.488
015	198.354	201.025	203.736	206.488	209.281	212.116
016	203.736	206.488	209.281	212.116	214.993	217.913
017	209.281	212.116	214.993	217.913	220.877	223.886
018	214.993	217.913	220.877	223.886	226.940	230.040
019	220.877	223.886	226.940	230.040	233.186	236.379
020	226.940	230.040	233.186	236.379	239.620	242.910
021	233.186	236.379	239.620	242.910	246.249	249.638
022	239.620	242.910	246.249	249.638	253.078	256.570
023	246.249	249.638	253.078	256.570	260.114	263.711
024	253.078	256.570	260.114	263.711	267.362	271.068
025	260.114	263.711	267.362	271.068	274.830	278.648
026	267.362	271.068	274.830	278.648	282.523	286.456
027	274.830	278.648	282.523	286.456	290.448	294.500
028	282.523	286.456	290.448	294.500	298.613	302.788
029	290.448	294.500	298.613	302.788	307.025	311.326
030	298.613	302.788	307.025	311.326	315.691	320.122
031	307.025	311.326	315.691	320.122	324.619	329.184
032	315.691	320.122	324.619	329.184	333.817	338.520
033	324.619	329.184	333.817	338.520	343.293	348.138
034	333.817	338.520	343.293	348.138	353.056	358.047
035	343.293	348.138	353.056	358.047	363.113	368.255
036	353.056	358.047	363.113	368.255	373.474	378.772
037	363.113	368.255	373.474	378.772	384.149	389.607
038	373.474	378.772	384.149	389.607	395.147	400.770
039	384.149	389.607	395.147	400.770	406.477	412.270
040	395.147	400.770	406.477	412.270	418.150	424.118
041	406.477	412.270	418.150	424.118	430.175	436.323
042	418.150	424.118	430.175	436.323	442.563	448.897
043	430.175	436.323	442.563	448.897	455.326	461.851
044	442.563	448.897	455.326	461.851	468.474	475.197
045	455.326	461.851	468.474	475.197	482.020	488.946

Við vörpun í nýja launatöflu skal miða við eftirfarandi skilgreiningar:

Launaflokkur var	Launaflokkur verður
101	001
102	001
103	001
104	002
105	003
106	004
107	005
108	006
109	007
110	008
111	009
112	010
113	011
114	012
115	013
116	014
117	015
118	016
119	017
120	018

Hjá brautarstarfsmönnum á Keflavíkurflugvelli, sem áður gegndu starfi hjá Varnarliðinu, skal varpa í nýja launatöflu miðað við eftirfarandi skilgreiningar:

Launaflokkur var	Launaflokkur verður
215	013
216	014
217	015
218	016
219	017
220	018
221	019
222	020
223	021
224	022
225	023
226	024
227	025
228	026
229	027
230	028

Tryggt skal að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu vegna vörpunar í nýja launatöflu.

Fylgiskjal 2
með kjarasamningi

Aðilar eru sammála um að reiknitala kaupauka Vegagerðarinnar verði kr. 152,00 pr. kaupaukastig frá gildistöku þessa samnings.

Fylgiskjal 3

með kjarasamningi

Vegna skamms samningstíma er ekki tekið á stefnumótandi málum í þessu samkomulagi. Aðilar eru þó ásáttir um að ræða eftirtalin mál á gildistíma samkomulagsins.

Starfsþróun

- Frekari stuðning við starfsþróunarstarf/starfsþróunaráætlanir.
- Styðja stofnanir til að vinna að bættum aðstæðum mannauðsmála, þó einkum stofnanir heilbrigðis- og félagsmálageira.

Samningstexti

- Samræming á texta kjarasamninga.

Vinnuumhverfi

- Heilsueflandi vinnuumhverfi, svo sem vegna vaktakerfa.

Sí- og endurmenntun

- Könnun á samstarfi um samhæfingu sí- og endurmenntunarákvæða í kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

Slysatryggingar

- Sameiginleg yfirferð yfir tryggingaskilmála á opinberum og almennum markaði.

Launaþróun

- Skoðun á kerfum sem notuð eru til að mæla fylgni launaþróunar á milli markaða, t.d. erlendis.